

1. Viðauki 1. Grunnþjónusta hýsingar

1.1. Grunnþjónusta hýsingar

Þjónustusali býður þjónustukaupa að koma með búnað í hýsingu í sölum og möstrum þjónustusala og er boðið skilyrt því að nægilegt rými sé til staðar.

Þjónustukaupi, sem óskar eftir hýsingu í sölum og möstrum þjónustusala, skal senda sérstaka umsókn þar að lútandi til þjónustusala.

Einnig býður Míla hýsingu fyrir ljósmúffur í inntaksherbergi þar sem það er til staðar. Ekki eru gerðar sömu kröfur til þessa rýmis og annars hefðbundins leigurýmis, t.d. varðandi kælingu og staðsetningu í rými.

1.2. Almennar kröfur

Uppsettur búnaður þjónustukaupa skal vera í samræmi við umsókn. Allir tækjaskápar þjónustukaupa í hýsingu skulu vera lokaðir og læstir. Frágangur á raflögnum og fjarskiptalögnum í tækjaskápum skal vera í samræmi við íslensk lög, reglugerðir og leiðbeiningar.

1.3. Breytingar á núverandi húsnæði

Ef gera þarf verulegar breytingar á húsnæði, sölum eða lagnaleiðum til að koma til móts við þarfir þjónustukaupa, skal semja um það sérstaklega.

1.4. Lagnir og lagnaleiðir innanhúss

Þjónustukaupi greiðir fyrir lagnir í lagnaleið frá sameiginlegum punkti, s.s. tengigrind eða rafmagnstöflu. Ef um lagnaleið er að ræða sem eingöngu nýtist viðkomandi þjónustukaupa skal þjónustukaupi greiða þann kostnað sem hlýst af uppsetningu viðkomandi lagnaleiðar. Þjónustusali tekur ákvörðun um staðsetningu á lagnaleiðum.

1.5. Nágreinishýsing og annar aðgangur að lagnaleiðum

Þurfi þjónustukaupi að leggja streng að búnaði sínum og nota til þess lagnaleið, svo sem inntaksrör, inntaksbrunn, inntaksherbergi eða múffugrindur í eigu þjónustusala, greiðir þjónustukaupi samkvæmt viðauka 2, lið 2.1. og 2.4.. Auk þess greiðir þjónustukaupi fyrir hönnun, framkvæmd og efni við lagningu strengs samkvæmt verðskrá fyrir útselda vinnu og þjónustu.

1.6. Skilgreining á Sölum

Í viðauka 4 er listi yfir sali Mílu, flokkuð samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu sala.

Blandaðir salir

Blandaðir salir er hýsing í stærri tækjarýmum sem staðsett eru í þéttbýli. Um er að ræða annars vegar rými sem telst ómissandi aðstaða og er þar með háð kvöðum og eftirliti Póst og fjarskiptastofnunar. Hins vegar er um að ræða rými fyrir búnað sem ekki telst ómissandi aðstaða. Til þess að skýra þetta enn nánar þá er í þessu rými vistaður búnaður sem tengist mörkuðum 11, 13 og 14 en einnig búnaður sem ekki tengist neinum af þeim mörkuðum sem heyra undir eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar.

Þéttbýli

Hýsing í þéttbýli felur í sér hýsingu í minni sölum sem staðsett eru í þéttbýli víðs vegar um landið.

Dreifbýli

Hýsing í dreifbýli felur í sér hýsingu utan þéttbýliskjarna. Hýsingin nær eingöngu til þeirra staða sem eru í alfaraleið.

Utan byggðar

Hýsing utan byggðar felur í sér hýsingu í sölum Mílu utan alfaraleiðar.

Þjóðvegaútboð

Salir hafa verið skilgreindir samkvæmt þjóðvegaútboði Fjarskiptasjóðs frá 2007.

1.7. Öryggisreglur

Ef upp er settur fjarskiptabúnaður, sem kann að hafa áhrif á annan fjarskiptabúnað, er þjónustusala heimilt að krefjast þess að lögð verði fram gögn er staðfesti, að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur slíks búnaðar, hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli eðlilegar öryggisreglur.

1.8. Aðgengi að tækjarýmum

Lyklar eru afhentir hjá Mílu að Suðurlandsbraut 30. Við afhendingu lykla skal þjónustukaupi skrá þau hús sem verið er að heimsækja og áætlaðan skilatíma á lykli. Lyklar skulu einungis afhentir aðilum sem hafa verið samþykktir sem viðhalds og upplýsingaaðilar hjá þjónustukaupa. Þeir sem eiga erindi í sali Mílu skulu tilkynna komu og brottför til vaktborðs Mílu.